

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022,
fjögur efnistökusvæði við Kjalveg.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 19. júní 2014 breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Húnavatnshrepps þann 7. maí 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 4. júní 2014.

Í breytingunni felst að á óbyggðu svæði við Kjalveg sunnan Blöndulóns eru skilgreind fjögur ný efnistökusvæði, E35-E38, þar sem heimilt verður að taka allt að 3.000 rúmmetra efnis í sumar.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 19. júní 2014.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.